

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 192/1992. **Skífan hf.**

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Uppboðsandlag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 lýtur málið nú meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992, og hefur það verið skriflega flutt hér fyrir réttinum.

Sóknaraðili krefst þess, „að uppboðsmeðferð á eignarhlutum Skifunnar hf. í Skeifunni 17 í Reykjavík, sem er vesturhluti 1. hæðar forhúss og tengibyggingar og vesturhluti 2. hæðar forhúss, alls 30% forhússins, skv. kröfu Lögrúnar sf., f.h. Sjóvá-Almennra hf., verði ómerkt og uppboðið felld niður“. Til vara krefst hann þess, „að uppboðsmeðferð á framangreindum eignarhlutum Skifunnar hf. í Skeifunni 17 verði frestað, þar til fyrir liggur úthlutun uppboðsandvirðis annarra samveðsettra eignarhluta Skeifunnar 17“. Hann krefst kærumálskostnaðar og málskostnaðar fyrir uppboðsrétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, „þó með þeim hætti, að í stað 2. og 3. nauðungarsölu, sem kveðið er á um í úrskurðinum, verði uppboðinu fram haldið með byrjun og eftir atvikum framhaldi uppboðs skv. 31. - 35. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sbr. 2. mgr. 96. gr. s. 1.“. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ætla verður, að þá skiptingu á hinni veðsettu húseign til uppboðs-sölnunnar, er fram kom í uppboðsauglýsingu í Lögbirtingablaðinu, 73. tbl., þegar hinn 19. júní 1991, hafi uppboðshaldari ákveðið í því skyni, að hærra söluverð fengist en ef eignin væri seld í einu lagi. Jafnframt hafi hann litið til ákvæða 2. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð og til hagsmuna sóknaraðila og

annarra, sem gerst höfðu kaupendur að tilteknum hlutum hús-eignarinnar. Veðhafinn var samþykkur þessari ákvörðun, og ekki liggur fyrir í máli þessu, að aðrir uppboðsbeiðendur hafi gert athugasemdir hennar vegna. Réttur sóknaraðila til veðsins er til orðinn löngu eftir, að uppboðsheimildinni, - veðskuldabréfinu, - var þinglýst, og vikur því fyrir henni. Sóknaraðili bar ekki fram mótmæli sín, fyrr en önnur og síðari nauðungarsala átti að fara fram. Þingað hafði verið í málinu 1. ágúst og nauðungarsalan farið fram 14. október, eins og lýst er í hinum kærða úrskurði. Sóknaraðili hafði þá ekki lengur tækifæri til að koma að andmælum sínum samkvæmt 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. einnig 2. mgr. 25. gr. sömu laga til hliðsjónar. Skal því ákvörðun uppboðshaldara um söluna, svo sem hún var auglýst í 73., 77. og 79. tölublaði Lögbirtingablaðsins, standa óbreytt. Ekki liggur fyrir í málinu ákvörðun uppboðshaldara um, hvernig úthlutun uppboðsandvirðis verði hagað, og verður því ekki um það fjallað að svo komnu. Þykir því ekki unnt að sinna kröfu sóknaraðila um að fresta uppboði, þar til hún liggi fyrir.

Eftir atvikum telst rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Skífunnar hf., er hafnað. Nauðungarsala á eignarhluta sóknaraðila í 1. hæð forhúss og tengi-byggingar og vesturhluta 2. hæðar forhúss í Skeifunni 17 í Reykjavík fari fram að undangenginni auglýsingu.

Kærumálskostnaður falli niður.
